# Stjórn foreldrafélagsins

Kristín Andrea Einarsdóttir, *formaður*
kristinandrea@internet.is
s. 824 7417

Kristín Stefánsdóttir, *varaformaður*
kristin@funshine.is
s. 618 4108

Karl Einarsson, *gjaldkeri*
karleinars75@gmail.com
s. 693 9358

Íris Leósdóttir, *ritari*
irislena@simnet.is
s. 899 4212

Anna Marie Stefánsdóttir, *meðstjórnandi*
annamarie@internet.is
s. 894 2927

Bryndís Jónsdóttir, *meðstjórnandi*
bryndis.dottir.jons@gmail.com
s. 699 7696

Erlingur Snær Erlingsson, *meðstjórnandi*
ese@smakranar.is
s. 699 4241

Varamenn:

Kristín Erla Einarsdóttir
kee8@hi.is
s. 691 0731

Ólafur Guðlaugsson
oli@hedinn.is
s. 660 2115

Kristín Jónína Rögnvaldsdóttir
nenni0302@simnet.is
s. 893 4248



## Þyrstir þig í frekari upplýsingar eða viltu hafa samband?

Heimasíða foreldrafélagsins er á heimasíðu Álfhólsskóla www.alfholsskoli.is/foreldrar

Verum vinir: www.facebook.com/foreldrafelag.alfholsskoli

Netfang foreldrafélagsins er ffalfhol@gmail.com

# Foreldrafélag Álfhólsskóla

## Velkomin til starfa skólaárið 2015-2016

### Um foreldrafélag og foreldrastarf

Félagar teljast allir foreldrar/forráðamenn nemenda skólans.

Helstu verkefni:

- Bekkjarfulltrúar
- Foreldrarölt
- Nefndir
- Fræðsla
- Fastir liðir

**Kæru foreldrar og forráðamenn**

Við upphaf skólaárs langar okkur í stjórn foreldrafélagsins að bjóða ykkur velkomin til starfa. Framundan er skemmtilegur og krefjandi vetur bæði fyrir börnin og okkur foreldrana.

Með þessu fréttabréfi viljum við í Foreldrafélagi Álfhólsskóla kynna okkur og starfið sem framundan er. Það er von okkar að sem flestir sjái sér fært að taka þátt á einn eða annan hátt.



## Fastir liðir á dagskrá í vetur:

- Aðventufjör – þar sem fjölskyldan skemmtir sér saman við jólaföndur, laufabrauðsgerð og fleira. Þar er einnig vöfflusala 9. bekkinga, sem er liður í fjáröflun þeirra fyrir skólabúðirnar á Laugum.
- Páskabingóið er á sínum stað með fullt, fullt af vinningum. 10. bekkingar sjá um kaffisölu í fjáröflun fyrir útskriftarferð.
- Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn að vori.
- Og svo tekur foreldrafélagið virkan þátt í vorhátíðinni.
- Foreldrafélagið stendur einnig fyrir heilsurækt fyrir foreldra eins og undanfarin ár. Hún fer fram í Íþróttahúsinu Digranesi á mánudögum og miðvikudögum kl 18:30 – 19:30 og á laugardögum kl 10:00-11:00. Undir stjórn Láru Sveinsdóttur Íþróttakennara. Önnin kostar aðeins 12.000 krónur.
- Fræðsludagur og fyrirlestrar



## Bekkjarfulltrúar

Starf bekkjarfulltrúans er ekki tímafrekt, fer eftir hvað hver og einn leggur í starfið, svona í mesta lagi 10 tímar yfir veturinn. Starfið er mjög skemmtilegt auk þess sem foreldrar kynnast öðrum foreldrum og bekkjarfélögum barnanna.

Bekkjarfulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins sem setur þeim starfsreglur. Bekkjarfulltrúar ásamt fulltrúum í skólaráði og stjórn mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hverrar bekkjardeildar í samstarfi við umsjónarkennara. Stjórn foreldrafélagsins ber ábyrgð á að í upphafi skólaárs séu kosnir tveir fulltrúar forráðamanna og tveir til vara í hverjum bekk til tveggja ára í senn. Í fyrsta bekk eru tveir eða einn kosinn til tveggja ára og einn til eins árs til að stuðla að því að ekki hætti allir á sama tíma.

## Foreldraröltið

Röltnefnd foreldrafélagsins skipuleggur í upphafi skólaársins hvenær hver bekkur á að rölta. Hver bekkur á mið- og unglingastigi röltir tvö föstudagskvöld yfir veturinn. Röltdagskrána má finna á heimasíðu skólans.

Röltnefndin sendir í hverri viku tilkynningu til bekkjafulltrúa viðkomandi bekkjar um að komið sé að þeim að sjá um röltið. Bekkjafulltrúarnir sjá síðan um, með tölvupósti eða símtölum, að útvega sem flesta foreldra til að fara á röltið.

## Fræðsla

Foreldrafélagið stendur fyrir fræðslu fyrir foreldra þar sem fjallað er um áhugaverð málefni sem snerta okkur öll.



## Hver er tilgangurinn með röltinu?

Foreldrarölt er samfélagslegt mál og varðar okkur öll. Foreldrar á rölti eru í senn eftirlitsaðilar með reglum og nágrannavakt. Hvort tveggja miðar að því að hafa eftirlit með því sem gerist utan veggja heimilanna, vera aðhald við lögbundinn útivistartíma og vernda börn og unglinga frá utanaðkomandi aðilum sem eiga ekki erindi við þau s.s. söluaðila vímuefna og áfengis. Að auki verðum við reynslunni ríkari af kynnum okkar við aðra í foreldrahópnum og önnur börn.

Margir segja sem svo "ég þarf ekki að rölta, barnið mitt er alltaf heima". Saman berum við ábyrgð í þjóðfélaginu á börnum og unglingum sem eru á okkar sameiginlega svæði.